


Málað og skreytt  
Nanna H. Eggertsdóttir.




## Skrautleg herðatré Gamall hlutur fær nýtt líf




Finndu gamalt herðatré og lífgaðu upp á það með smá málningu og borða.  
Fallegt fyrir þig eða sem gjöf.

Efni og áhöld:  
herðatré, penslar, borði, föndurmálning að eigin vali.



1. Veljið einn til tvo liti af föndurmálningu og málið aðra hliðina á herðatréinu. Látið þorna.



2. Snúið herðatréinu við og málið hina hliðina. Látið þorna.



3. Það er fallegt að skreyta herðatréið með munstri og borða. Látið hugmyndaflugið ráða för. Klippið fallegan borða og hnýtið slaufu eða hnút við krókinn. Hér eru tvær mismunandi útfærslur.

Góða skemmtun!

